

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um fíkniefnameðferð.

Frá Katrínu Fjeldsted.

Hefur ráðherra ákveðið að fara að tillögum Læknafélags Íslands í bréfi, dags. 24. apríl 2002, um málefni sjúklinga sem nota sterk verkjalyf til vímugjafar þar sem lagt er til að

- a. komið verði á fót miðstöð fyrir neytendur óþíata þar sem þeir fái skyld lyf eða önnur lyf til að mæta fíkninni og venjast af henni,
- b. miðlæg verkjameðferð verði styrkt á Landspítala – háskólasjúkrahúsi þannig að starfandi læknar eigi auðveldara með að vísa þangað sjúklingum sem þurfa flókna verkjameðferð og þeir treysta sér ekki til að meðhöndla sjálfir,
- c. embætti landlæknis verði eflt til að fylgjast með útgáfu lyfseðla á eftirritunarskyld lyf og nauðsynlegum tæknilegum útfærslum mætt í þeim tilgangi með endurskoðun á lögum og reglum sé þess þörf?